

## D Ó M U R

Héraðsdóms Austurlands föstudaginn 9. febrúar 2007 í máli nr. S-3/2007:

### Ákærvaldið

*(Helgi Jensson, fulltrúi)*

**gegn**

### Árna Snæ Árnasyni

*(sjálfur)*

Mál þetta, sem dómtekið var 6. febrúar sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Seyðisfirði, útgefinni 22. desember 2006, á hendur Árna Snæ Árnasyni, kt. 000000-0000, Öldugerði 16, Hvolsvelli “fyrir eftirtalin hegningar- og umferðarlagabrot:

1.

Þjófnað, með því að hafa fimmtudaginn 29. júní 2006, á lóð bifreiðaverkstæðisins Dagsverks ehf., að Vallavegi, Egilsstöðum, brotist inn í bifreiðina LR-402 og stolið þaðan útvarpstæki, að óþekktu verðmæti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 244.gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2.

Umferðarlagabrot, með því að hafa sunnudaginn 2. júlí 2006, ekið bifreiðinni ON-077 undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði 2,01‰) frá veitingastaðnum Svarthvítu hetjunni í Fellabæ, Fljótsdalshéraði, áleiðis að Kárahnjúkum, uns bifreiðin hafnaði utan vegar á mótis við bæinn Teigaból í Fellum, Fljótsdalshéraði.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. lög nr. 82/1998 og lög nr. 66/2006.

3.

Umferðarlagabrot, með því að hafa föstudaginn 25. ágúst 2006, ekið bifreiðinni PM-060 undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði 1,92‰) suður Hafnarfjarðarveg á mótis við Kópavogslæk og síðan ekki sinnt stöðvunarkerkjum lögreglu, uns ákærði stöðvaði loks aksturinn á Fífuhvammsvegi í Kópavogi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 4. gr., 3. mgr. 5. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. lög nr. 82/1998 og lög nr. 66/2006.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993, 2. gr. laga nr. 23/1998 og 18. gr. laga nr. 66/2006.”

Við þingfestingu málsins var af hálfu ákærvalds óskað eftir að gera þá leiðréttingu á 2. tölulið ákærunnar að í stað þess að miða við að vinnandamagn í blóði ákærða hefði verið 2,01%, væri rétt að miða við að vinnandamagn í blóði ákærða hefði verið 1,19% og að brotið varðaði við 1. mgr. sbr. 2. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. breytingalög, en ekki við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga, sbr. breytingalög, eins og greinir í ákæru.

Um málavaxtalýsingu er skírskotað til ákæru.

Ákærði játaði brot sín skýlaust fyrir dóminum eins og þeim er lýst í ákæru með þeim leiðréttingum, sem ákærvaldið hefur gert á 2. tölulið ákærunnar. Þykir með játningu ákærða sem á sér stoð í gögnum málsins sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem ákært er fyrir og er brot ákærða rétt heimfært til refsíákvæða í 1. og 3. tölulið ákærunnar, að öðru leyti en því að ekki þykir rétt að heimfæra brot ákærða í 3. tölulið ákæru undir 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Að því er varðar 3. tölulið ákærunnar viðurkenndi ákærði að hafa ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis í greint sinn, en sagðist hins vegar hafa drukkið úr tveimur hálfum lítra dósnum af áfengum bjór eftir að akstri lauk. Við rannsókn lögreglu á vettvangi fundust nokkrar tómar bjórdósir, sem styður framangreindan framburð ákærða. Ákærði kveðst hafa hringt í lögreglu skömmu eftir útafaksturinn, en samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst henni tilkynning um óhappið kl. 4.56. Ákærða var tekið blóð kl. 6.20 og á sama tíma gaf hann þvagsýni. Magn áfengis í blóði ákærða mældist 2,01%, en í þvagi 2,57%. Í niðurstöðu álitsgerðar Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði segir að hlutfall etanóls í blóði og þvagi ákærða sé um 1,3 sem bendi til að jafnvægi hafi náðst og etanólstyrkur í blóði hafi jafnvel verið farinn að falla. Þá segir að eftir drykkju á um 1250 ml af 5% bjór (um 50 mg af etanóli) megi ætla að etanólstyrkur í ca 80-90 kg karlmanni geti að hámarki mælst í kringum 1%. Sú drykkja skýri ekki hinn háa etanólstyrk í blóði og sér í lagi þvagi ásamt hlutfallinu milli blóðsýnis og þvagsýnis kl. 6.20. Loks segir í álitinu að ekki sé hægt að segja með nákvæmni til um etanólstyrk í blóði ákærða kl. 4.56 en ef litið væri á hinn háa etanólstyrk bæði í blóði og sér í lagi í þvagi sé ljóst að ákærði hafi drukkið talsvert áfengi fyrir kl. 4.56 og því verið undir áhrifum áfengis þegar meintur ölvunarakstur átti sér stað.

Með hliðsjón af framangreindu þykir rétt með vísan til meginreglunnar um að allan vafa beri að skýra sakborningi í vil að miða við að vinnandamagn í blóði ákærða hafi verið um 1% við akstur bifreiðarinnar. Brot ákærða samkvæmt 2. tölulið ákærunnar varðar því við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. lög nr. 82/1998.

Ákærði hefur einu sinni áður gerst brotlegur en hinn 11. maí 2005 gekkst hann undir greiðslu sektar vegna brots gegn 76. gr. umferðarlaga.

Ákvarða ber refsingu ákærða í einu lagi fyrir öll brotin í samræmi við ákvæði 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við ákvörðun refsingar er litið til þess að

ákærði hefur gengist greiðlega við þjófnaðarbroti sínu fyrir dómi og hjá lögreglu. Með hliðsjón af framangreindu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga. Þar sem ákærði hefur ekki áður gerst sekur um hegningarlagaþrot þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og ákveða að hún falli niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Með heimild í 4. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga er ákærða ennfremur gert að greiða 240.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, ella sæti hann fangelsi í 18 daga. Jafnframt er ákærði sviptur ökurétti í 2 ár og 2 mánuði.

Loks er ákærði dæmdur til að greiða sakarkostnað að fjárhæð 81.096 krónur.

Dóm þennan kveður upp Ragnheiður Bragadóttir dómstjóri.

#### **Dómsorð:**

Ákærði, Árni Snær Árnason, sæti fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar er frestað og skal hún falla niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 240.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella fangelsi í 18 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í 2 ár og 2 mánuði.

Ákærði greiði sakarkostnað að fjárhæð 81.096 krónur.

Ragnheiður Bragadóttir